

Sp.

399. Fyrirspurnir.

[206. mál]

I. Til forsætisráðherra um almennar skoðanakannanir.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað líður undirbúningi að setningu reglna eða laga um almennar skoðanakannanir skv. þingsályktun er samþykkt var á Alþingi 23. maí 1979?

II. Til félagsmálaráðherra um málefni hreyfihamlaðra.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin látið gera varðandi framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1980, um málefni hreyfihamlaðra?

III. Til félagsmálaráðherra um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sem samþykkt var á Alþingi 28. apríl 1980?

IV. Til félagsmálaráðherra um lán til íbúðabygginga.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvenær verður skammtímalánnum og lausaskuldum vegna íbúðabygginga breytt í föst lán til lengri tíma?
2. Hvernig verður fjármagns aflað til hinna föstu lána?
3. Hver verða kjör hinna föstu lána: a) Vextir, b) Lánstími?